

Ísafjarðarbær  
Axel Rodriguez Överby  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður



Reykjavík, 9. febrúar 2018

Tilvísun: 201801116 / 3.3

---

**Efni: Torfnes, íþróttahús**

---

Skipulagsstofnun staðfesti 9. febrúar 2018 breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 18. janúar 2018.

Hér með er bæjarstjórn send undirrituð skipulagsgögn, ásamt afriti af auglýsingum um staðfestinguna sem mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Birna Björk Árnadóttir

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Torfness, íþróttahús

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. febrúar 2018 breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, sem samþykkt var í bæjarstjórn 18. janúar 2018.

Í breytingunni felst að á íþróttasvæði á Torfnesi (Ú11) á Ísafirði er skapað svigrúm til byggingar fjölnota íþróttahúss. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun 9. febrúar 2018

  
f.h. forstjóra, Hafdís Haflidadóttir

  
Ottó Björgvin Óskarsson

# Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

## TORFNES - ÓVERULEG BREYTING

15. desember 2017

VERKFANG: 16165-005 TEIK: EBK RÝNT: GPEy

### BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

#### Inngangur

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér minni háttar breytingu á greinargerð gildandi aðalskipulags en skipulagsuppdráttur helst óbreyttur. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2.2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3.2010.

#### Ástæður breytingar

Breytingin snýr að ákvæðum á íþróttasvæði Ú11 á Ísafirði, þar sem gert er ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar. Markmið breytingarinnar er að skerpa á áherlsum skipulagsins um fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útvistar sem og aðgengi fyrir alla að íþróttamannvirkjum. Breytingunni er ætlað að efla svæðið í samræmi við þau markmið sem sett eru í gildandi aðalskipulagi um hvatningu til íþróttar- og tómstundastarfa og að allir íbúar hafi möguleika á skipulagðri, öruggri og fjölbreyttri íþróttaiðkun með góðri aðstöðu.

#### Áhrif

Breyting á landnotkun er óveruleg og hefur áhrif á afmarkað svæði. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, enda er hún er í samræmi við núverandi starfsemi á svæðinu og stefnu aðalskipulagsins um svigrúm til uppbyggingar.

#### Breyting á greinargerð

Með aðalskipulagsbreytingunni breytast ákvæði fyrir íþróttasvæði Ú11 eins og sést í töflum 1 og 2. Uppdráttur breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leyti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytingu.

Tafla 1. Gildandi aðalskipulag - úr töflu 10.2 Íþróttasvæði.

Svæði	Ákvæði
Ú11	Íþróttasvæði á Torfnesi á Ísafirði. Hluti af stærra svæði.

Styrkja tengsl á milli íþróttasvæða og hverfa. Svigrúm til uppbyggingar.

Tafla 2. Breytt aðalskipulag - úr töflu 10.2 Íþróttasvæði.

Svæði	Ákvæði
Ú11	Íþróttasvæði á Torfnesi á Ísafirði. Hluti af stærra svæði.

Styrkja tengsl á milli íþróttasvæða og hverfa. Svigrúm til uppbyggingar, svo sem fjölnota íþróttahús.

### SKÝRINGAR

- [Color Box] Svæði fyrir íbúðabyggð
- [Color Box] Svæði fyrir þjónustustofnanir
- [Color Box] Miðsvæði
- [Color Box] Athafnasvæði
- [Color Box] Iðnaðarsvæði
- [Color Box] Hafnarsvæði
- [Color Box] Opin svæði til sérstakra nota
- [Color Box] Óbyggð svæði
- [Color Box] Vötn, ár og sjór
- [Color Box] Hverfisverndarsvæði
- [Color Box] Þjóðminjaværndarsvæði
- [Color Box] Varnarmannvirki
- [Color Box] Stofnbrautir
- [Color Box] Tengibrautir
- [Color Box] Safnbrautir
- [Color Box] Húsgötur - sýndar til skýringar
- [Dashed Line] Gönguleiðir
- [Dotted Line] Reideleiðir
- (B)— Fjarskipti í jörð
- (E)— Fráveita í jörð
- (H)— Hitaveita í jörð
- (R)— Rafveita í jörð
- (V)— Vatnsveita í jörð
- (IV) Sendar
- (C) C-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða meiri en 3 af 10.000 á ári.
- (B) B-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 1-3 af 10.000 á ári.
- (A) A-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 0,3-1 af 10.000 á ári.



Ísafjörður - hluti þéttbýlisupprártar Mkv. 1:10.000

### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð

skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18.01.2018

*Hafdis S. Sigurðardóttir  
Bæjarstjóri  
stöðgengjill bayaristóra*

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann \_\_\_\_\_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 22.02.2018

*Hafdis Hagliðadóttir*

*Björn B. Árnættir*

